

# Leiðin að Árborg okkar allra

## Málefnsamningur Sjálfstæðisflokkssins í Árborg og Áfram Árborgar út kjörtímabilið 2026

Sveitarfélagið Árborg stendur á miklum vaxtartínum en er um leið í erfiðri fjárhagsstöðu sem hefur verið meginverkefni bæjarstjórnar undanfarin tvö ár. Það verkefni hefur gengið ágætlega. Mikil tækifæri eru í samféluginu, metnaðarfull uppbyggingaráform og endurskipulagning á rekstri sveitarfélagsins gengur vel og mikilvægt að halda því góða starfi áfram. Slíkt kallar á sterka forstu með skýra framtíðarsýn.

Sjálfstæðisflokkurinn og Áfram Árborg eru sammála um að standa þétt saman að þeim mikilvægu verkefnum sem eru framundan í Sveitarféluginu Árborg. Meirihlut Sjálfstæðisflokkssins og Áfram Árborg koma til með að byggja á góðu samráði og samvinnu um aðgerðir í þágu Árborgar með það markmiði að efla sveitarfélagið til framtíðar. Hagsmunir íbúa verða ávallt í forgrunni ákvarðana á vettvangi bæjarstjórnar hvort sem er til lengri eða skemmri tíma.

Horft verður til eflingar samvinnu og samstarfs þvert á byggðakjarna sveitarfélagsins og styrkingu fjárhagslegrar sjálfbærni Árborgar. Forsenda framfara er traustur fjárhagur og er það skýr stefna nýs meirihluta að fjárhagsstaða Árborgar verði sterkt til framtíðar svo hægt sé að skapa aðstæður til lækkunar gjalda og áлага á íbúa.

Þá munu flokkarnir halda áfram að leita allra leiða til styrkingar atvinnulífs og skapa grundvöll fyrir enn frekari fjölgun og fjölbreytileika í atvinnu. Tækifæri til atvinnu- og verðmætasköpunar eru til staðar. Fjárfestar með atvinnuskapandi hugmyndir horfa til þess hve vel sveitarfélagið er í stakk búið til að mæta slíkum áskorunum.

Þessu samhliða verður áfram lögð áhersla á að efla innviði sveitarfélagsins með áframhaldandi leit að heitu vatni, uppbyggingu leik- og grunnskóla, velferðarmála og fráveitu. Leitað verður nýrra leiða til að nýta sem best það fjármagn sem veitt er til allra málaflokka.

Málefnsamningur meirihluta Sjálfstæðisflokkssins og Áfram Árborgar er metnaðarfullur og í takti við þau tækifæri sem Sveitarfélagið Árborg býr yfir. Að sama skapi lýsir hann raunhæfum markmiðum að árangri á því tveggja ára tímabili sem er fram að næstu sveitarstjórnarkosningum árið 2026.

## Ábyrg fjármálastjórn og gagnsæi

- Halda áfram að sýna ábyrga fjármálastjórn og leita leiða til að lækka kostnað og auka tekjur sveitarfélagsins
- Skapa forsendur til að lækka álögur og gjöld á einstaklinga og fyrirtæki
- Forgangsröðun verkefna og framkvæmda innan sveitarfélagsins
- Vinna áfram að stafrænni umbreytingu, bæta heimasíðu sveitarfélagsins og efla rafræna afgreiðslu
- Auka gagnsæi í rekstri sveitarfélagsins með því að opna bókhaldið
- Unnið verður að því að styrkja ferla til bættrar þjónustu við íbúa
- Auka samtal við íbúa með því að halda reglulega íbúafundi

## Skipulag og framkvæmdir

- Vinna að því að uppbygging innviða haldist í hendur við uppbyggingu íbúða- og atvinnuhúsnaðis
- Halda áfram að auka framboð atvinnulóða fyrir fjölbreytta starfsemi
- Leggja áherslu á umhverfismál og sjálfbærni í skipulagsmálum
- Vinna að framtíðarskipulagi Austurvegar og fleiri svæða í sveitarfélagini
- Leggja áherslu á fjölbreytta byggð, snyrtilegan frágang og umhverfisvæna byggingarkosti
- Leggja áherslu á opin og fjölskylduvæn svæði
- Bæta skipulag almenningssamgangna í sveitarfélagini
- Stuðlað verður að fjölgun hleðslustöðva í öllum byggðakjörnum

## Atvinnumál og nýsköpun

- Mótun sameiginlegrar atvinnustefnu til framtíðar ásamt nágranna sveitarfélögum
- Styðjum við nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi svæðisins
- Skapa samkeppnishæf starfsskilyrði fyrirtækja, virkjum einkaframtakið og athafnafrelsi
- Eflum sérkenni þéttbýliskjarna í sveitarfélagini

## Lífsgæði og umhverfismál

- Uppfærum umhverfisstefnu Árborgar
- Efla upplýsingagjöf til íbúa til að auka flokkun og endurnýtingu
- Bæta aðgengi og umhverfi grenndarstöðva
- Styðja áfram við bæjarhátiðir sveitarfélagsins
- Vinna að bættri aðstöðu og auknum opnunartíma sundlauga sveitarfélagsins
- Stuðlað verður að fjölgun hleðslustöðva í öllum byggðakjörnum
- Stuðla að samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar, sem skilar sér í betri þjónustu og bættri líðan eldra fólks á grundvelli verkefnisins „Gott að eldast“. Miklir möguleikar eru í auknu samstarfi sveitarfélagsins og

JH  
BS  
AB

- heilbrigðisýfirvalda á þeim vettvangi og kappkostað verði að flýta þeirri samvinnu
- Efla og styrkja búsetukostí fyrir eldri borgara í samvinnu við byggingaraðila og leigufélög

## Fræðslu- og fjölskyldumál

- Styðja og efla leik- og grunnskóla starf í sveitarféluginu og bæta starfsumhverfi nemenda og starfsfólks
- Vera málsvari enn frekara háskólanáms í sveitarféluginu
- Sköpum fjölskylduvænt samfélag og uppfærum þjónustu í takti við fjölbreyttar þarfir íbúa
- Farsæld barna er í forgrunni aðgerða sveitarfélagsins í tengslum við málefni barna
- Efla skapandi greinar, menningu og listir
- Árborg verði leiðandi sveitarfélag sem tryggi vandaða, góða og skilvirka þjónustu fatlaðra og aðstandenda þeirra

23.maí 2024

Bragi Bjarnason

Oddviti Sjálfstæðisflokkssins

Álfhejður Eymarsdóttir

Oddviti Áfram Árborg

Axel Sigurðsson

Varabæjarfulltrúi Áfram Árborg

Vottar:

Beynildur Jónsdóttir 080769-2969

Sveinn Ægir Birgisson 120298-8059

Kjartan Þórmasson 040965-4589

Helga Linda Þórssen 171182-4099

# **Verkaskipting meirihluta Sjálfstæðisfloksins í Árborg og Áfram Árborg út kjörtímabilið 2022-2026**

- Bæjarráð:**

Formaður bæjarráðs – Sjálfstæðisflokkur

Varaformaður í bæjarráði – Áfram Árborg

- Bæjarstjórn:**

Forseti bæjarstjórnar -Sjálfstæðisflokkur

- Skipulagsnefnd:**

Formaður - Sjálfstæðisflokkur

- Eigna- og Veitunefnd:**

Formaður – Sjálfstæðisflokkur

- Fræðslu og frístundanefnd:**

Formaður – Sjálfstæðisflokkur

- Menningarnefnd:**

Formaður – Sjálfstæðisflokkur

- Velferðanefnd:**

Formaður – Sjálfstæðisflokkur

- Umhverfisnefnd:**

Formaður – Áfram Árborg

- Öldungaráð:**

Formaður – Sjálfstæðisflokkur

- Bæjarstjóri:**

Flokkarnir eru sammála um að Bragi Bjarnason verði bæjarstjóri Árborgar

Áfram Árborg fær að auki eitt sæti sem aðalmaður í eftirfarandi nefndum:

- Eigna- og veitunefnd
- Skipulagsnefnd
- Frístundanefnd
- Menningarnefnd

Áfram Árborg fær two fulltrúa á SASS þing, fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitafélaga og fulltrúa í starfs- og vinnuhópum samkvæmt nánara samkomulagi.

Flokkarnir eru sammála um að endurskoða laun formanns bæjarráðs

